

Þjónustusamningur um Stað undirritaður

Í gær, miðvikudaginn 10. júlí var samstarf Sveitarfélagsins Árborgar og Elínar Birnu Bjarnfinnsdóttur og Ingólf Hjálmarsson um rekstur á íþrótt- og samkomuhúsinu Stað formlega skjalfest við undirritun í Samkomuhúsinu Stað.

Bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar, Gísli Halldór Halldórsson, skrifaði undir þriggja ára þjónustusamning við þau Elínu Birnu og Ingólf um daglega umsjón húsnæðisins. Þjónustusamningurinn felur í sér þrif, minniháttar viðhald, upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn yfir sumarmánuðina og móttöku pantana vegna útleigu.

Í dag nýttist húsnæðið meðal annars undir íþróttakennslu, æfingar á vegum Ungmennafélags Eyrarbakka auk viðburða í tengslum við sveitarfélagið og annarra viðburða tengdum útleigu.

Sveitarfélagið óskar Elínu Birnu og Ingólfi alls hins besta og hefur það þegar sýnt sig að samstarfið verður farsælt.



mynd: HPK photography